



Nefndasvið Alþingis
b.t. Allsherjar- og menntamálanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Dags: 15.02.2024

Efni: Umsögn um Frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum til að bæta stöðu námsmanna (fæðingarorlof, atvinnuleysistryggingar og námslán).

SÍNE fagnar frumvarpi til laga um breytingu á ýmsum lögum til að bæta stöðu námsmanna (fæðingarorlof, atvinnuleysistryggingar og námslán), þskj. 13 – 13. mál.

Um I. kafla

SÍNE telur jákvætt að miða fæðingarstyrk við grunnatvinnuleysisbætur. Upphæð fæðingarstyrks er allt of lág og dugar engum til framfærslu, sér í lagi ekki í ljósi þess að fjárhæðinni er ætlað að standa undir öllum þeim kostnaði sem fellur til við barneignir. Í dag er lágmarksgreiðsla fyrir launafólk í 50-100% starfi sú sama og fullur fæðingarstyrkur námsmanna í fullu námi en m.v. gildandi kjarasamninga geta lágmarksorlofsgreiðslur launafólks í fullu starfi aldrei verið svo lágar (sjá nánar í kafla II [hér](#)). Fullt nám er fullt starf.

Um II. kafla

SÍNE fagnar II. kafla laganna sérstaklega og hvetur þingið eindregið til að samþykkja þessar mikilvægu og góðu breytingar. Frá því að COVID-19 skall á og mikill fjöldi stúdenta sáu fram á atvinnuleysi að sumri vegna faraldursins og stóð eftir framfærslulaust, hefur verið ljóst að fólk lendir á milli kerfa. Námsfólk átti ekki rétt á atvinnuleysisbótum um sumarið þrátt fyrir að hafa unnið samhliða námi en misstu vinnuna vegna faraldursins. Nemendur þurftu að segja upp leigusamningum, flytja aftur í foreldrahús, en ekki höfðu allir kost á því, o.sv.frv. Námsmannahreyfingin benti þá kröftuglega á þetta gat í velferðarkerfinu á Íslandi, að ef námsmenn eru án atvinnu að sumri er ekkert kerfi sem grípur þá. Úr þessu þarf að bæta, enda eiga allir landsmenn rétt á aðstoð vegna atvinnuleysis skv. 76. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands nr. 33/1944.



Í athugasemdum með frumvarpi til laga nr. 54/2006 segir um markmið laganna sem fram kemur í 2. gr., að með markmiðsákvæðinu sé verið að „tryggja stöðu og öryggi fólks í atvinnuleysi.“ Ljóst er að námsfólk er í ótryggri stöðu og stendur frammi fyrir miklu fjárhagslegu óöryggi ef þeir fá ekki vinnu að sumri.

SÍNE vísar til þeirra sjónarmiða sem fram koma í áliti umboðsmanns Alþingis frá 17. júlí 2012 (6433/2011) en þar er lögð áhersla á hve mikilvægt er að fólk lendi ekki á milli kerfa og að um áunninn rétt fólks sé að ræða með störfum þess á vinnumarkaði þegar kemur að rétti þeirra til atvinnuleysisbóta. Þar segir m.a. að: *„hér var viðfangsefni stjórnvalda að leysa úr umsókn A um réttindi hennar til atvinnuleysisbóta, en þau réttindi hafði hún áður tryggt sér með störfum sínum á vinnumarkaði í samræmi við þær reglur sem Alþingi hefur sett til að fullnægja ákvæði stjórnarskrárinnar. (...) en hafa verður í huga að hér reynir á réttindi sem ætlað er að standa undir framfærslu viðkomandi þegar atvinnutekna nýtur ekki við.“*

Líta verður til þess að jafnvel þó einstaklingur hafi unnið fulla vinnu samhliða námi og greitt hafi verið tryggingagjald af launum viðkomandi í atvinnuleysistryggingasjóð, á viðkomandi ekki rétt til bóta vegna 6. mgr. 14. gr. laganna. Um þetta vísast t.d. til úrskurðar úrskurðarnefndar atvinnuleysistrygginga og vinnumarkaðsaðgerða nr. 100/2013. Þar bar kærandi það fyrir sig að virða hefði átt rétt hans sem launamanns og launasögu hans er hann sótti um greiðslur atvinnuleysisbóta 19. júní 2013. Hann hafði lokið 18 ECTS-eininga fjarnámi vorið 2013 og var skráður í 12 ECTS-einingar á haustmíssi 2013. Honum hafði verið sagt upp starfi sínu hjá C þann 15. maí 2013 en hann hafi verið í 100% dagvinnu hjá C síðastliðin þrjú ár, samhliða því að stunda nám sitt. VMST hafnaði hins vegar umsókn hans um atvinnuleysisbætur fyrir sumarið 2013 á grundvelli 6. mgr. 14. gr. atvl. og staðfesti úrskurðarnefndin ákvörðunina. Fyrrgreind athugasemd umboðsmanns Alþingis úr áliti nr. 6433/2011 um að um sé að ræða réttindi sem viðkomandi hafi tryggt sér með störfum á atvinnumarkaði í samræmi við stjórnarskrárvarinn rétt virðist ekki hafa áhrif á úrlausn nefndarinnar, en kærandi bar því fyrir sig að launasaga sín ætti að skipta máli. Hvað sem þeirri launasögu leið og þ.a.l. greiðslu tryggingagjald í atvinnuleysistryggingasjóð af launum hans, var nefndin afdráttarlaus í því að 6. mgr. 14. gr. atvl. tæki fyrir að námsfólk ætti réttindi til



atvinnuleysistrygginga í námshléum. Þetta dæmi varpar ljósi á augljóst gat í íslensku velferðarkerfi sem er löngu orðið tímabært að laga.

Virða verður stjórnarskrárvarinn rétt borgaranna til framfærslu í atvinnuleysi og ættu námsmenn að tryggja sér sama öryggi og annað vinnandi fólk með störfum sínum á atvinnumarkaði.

Um III. kafla

SÍNE tekur undir með frumvarpinu um að stuðningur við námsmenn sé fjárfesting í framtíðinni og fagnar sérstaklega 4. gr. frumvarpsins.

5. gr. a teljum við vera stöðu námsmanna til bóta. Hins vegar setjum við spurningarmerki við 5. gr. b og teljum hana ekki nógu góða nýtingu á 60ECTS svigrúmi. Eðlilegt væri að námslán séu veitt fyrir hverja þreytta einingu og niðurfelling svo veitt á þeim einingum sem sem námsmaður stenst (sbr. norska námslánakerfið, kröfur stúdenta frá 2021 og kröfur SÍNE). Við teljum 6. gr vera breytingu í rétta átt og hvetjum eindregið til þess að tímamörk á því hvenær námi sé lokið verði felld niður, sbr. 1. og 3. mgr. 14. gr.

Þá horfir SÍNE jákvæðum augum á 7. gr en bendir á að hana mætti útfæra á þann hátt að tímabundnir fjárhagserfiðleikar og veikindi gætu stöðvað afborganir lána tímabundið, en varanlegar aðstæður gætu orðið til þess að lán sé felld niður. SÍNE leggur einnig til að gengið sé lengra og heimild verði tryggð í lögum fyrir sambærilegum úrræðum og tíðkast hjá öðrum lánastofnunum, um að frysta afborganir meðan einstaklingar eru t.d. í fæðingarorlofi. Meðlimir SÍNE hafa orðið varir við að sveigjanleiki og úrræði fyrir endurgreiðendur kunna að vera fleiri og fjölbreyttari hjá fjármálastofnunum en hjá Menntasjóðnum vegna lagarammans.

Að lokum þökkum við fyrir það að vilji sé fyrir því að bæta stöðu stúdenta.



Fyrir hönd Sambands Íslenskra námsmanna erlendis,

Þórdís Dröfn Andrésdóttir

Forseti SÍNE